

Reykjavík, 10. desember 2020

**Efni:** Sundlaugar og baðstaðir

Auglýsing heilbrigðisráðherra nr. 1223/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar sem tók gildi 10. desember og gildir til og með 12. janúar 2021 nk. hefur eftirfarandi áhrif á sundlaugar og baðstaði.

Gestafjöldi á sund- og baðstöðum má aldrei vera meiri en helmingur af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við helming þess fjölda sem fataskiptirými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda.

### **Þrif og sótthreinsun**

Mikilvægt er að aðgengi að handspritti sé tryggt við innganga og í grennd við snertifleti t.d. snertiskjái, tæki og skápa. Við hvetjum alla til að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengi og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðarhúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, greiðsluposum og ljósarofum.
- Sótthreinsun og þrif sé eins oft og unnt er.
- Sleppa handaböndum og faðmlögum og heilsa fremur með brosi.
- Minnum almenning og starfsmenn á einstaklingssóttvarnir bæði með merkingum og skiltum.

Á <https://www.covid.is/veggspjold> má finna nýtsamleg veggspjöld sem við hvetjum ykkur til að prenta út og hengja upp á viðeigandi stöðum.

Mikilvægt er að við virðum samfélagssáttmálann því við erum öll almannavarnir!